P Scan 1506.5

Kvennablaðið kostar 3 kr. innanlands erlendis kr. 3 60 (1 dollar vestanhafs) $^{2}/_{3}$ verðsins borgist fyrfram, en $^{1}/_{3}$ fyrir 15. júli.

Kvennabladid.

Uppsögn skrifleg bundin við áramót, ógild nema komin sé til útget. fyrir 1. okt og kaupandi hafi borgað að fullu.

25. ár. | Reykjavi, 31. marz 1919. | № 3.

Samskot til Landsspítalasjóðsins.

Kvennablaðið getur fullkomlega mælt með áskorun þeirri, sem stendur hér á öðrum stað í blaðinu, að konur um alt land haldi 19. júní hátíðlegan í minningu þess að íslenzkar konur fengu kosningarrétt og kjörgengi þann dag 1915. Þessi dagur er og verður *grundvallarlagadagur vor kvenna* og ætti því aldrei að gleymast íslenzkum konum. Kvennablaðið kom með tillögu um þetta bæði 1915 og í fyrra. Eg átti fyrstu tillöguna 1915 um að þessi dagur skyldi af konum haldinn jafnan hátíðlegur í minningu þessara mikilvægu réttarbóta. Þessi tillaga mætti þá nokkrum andmælum í nefndinni, vegna þess að 17. júní væri þá nýafstaðinn, og ilt mundi að halda tvo hátíðisdaga hvorn á eftir öðrum, en þó fór svo að hún var samþykt af flestum nefndarkonum. Enda er það auðséð, að ómögulegt er að slá tveimur gagnólíkum minningardögum saman; það væri eins og ef slá skyldi saman jóladeginum og páskadeginum. Hvor af þeim hefir sína sérstöku þýðingu, svo þeir verða ekki sameinaðir.

Það er því hvorki ófyrirsynju né ofsnemma að þessi tillaga kemur frá Landsspítalanefndinni nú, enda vonandi að konum sé nú farin að verða ljós þýðing þessara nýju grundvallarréttinda vorra, að þær muni vilja leggja áherzlu á að íslenzkar konur á komandi öldum sjái, að svo langt hafi þó íslenzkar konur verið komnar 1915, að þær hafi skilið hvers virði þessi réttindi væri fyrir þær, og því til ævarandi minningar um það og gleði þeirra yfir þeim, stofnsett þenna minningardag og við hann bundið það fyrirtæki, sem þær þá hafi álitið nauðsynlegast að komið væri í framkvæmd.

Og til þess að til væri einhversstaðar í skjölum landsins á komandi öldum skýrsla, rituð af oss sjálfum um þessa fyrstu 19. júní fagnaðarhátíð vora, og ákvörðun um að gangast fyrir fyrstu hreyfingu Landsspítalamálsins til framkvæmdar, þá var samþykt af allri þessari fyrstu 19. júní hátíðarnefnd, að fundargerðirnar um allan þennan fyrsta 19. júnífagnað, og ákvarðanir þær, sem við hann væru bundnar, skyldu afhendast, að öllum þessum hátíðafagnaði afloknum, Landsskjalasafninu til eignar og umráða sem ævarandi minning og frásögn um þetta mál, og hvern þátt íslenzkar konur hefðu tekið í fyrstu landsspítalastofnun þessa lands, í þakklætisskyni fyrir hinar nýfengnu réttarbætur.

Það getur vel verið að einhverjum finnist það einbert hégómamál, að ekki sé sama hvort þessar skýrslur séu nokkurstaðar til eða ekki. En ef vel er aðgætt, þá er langt frá því að svo sé.

Vér vitum hvorki enn þá, hversu miklu fé konur kunna að safna til þessa fyrirtækis, né hvernig því verður varið. Um það hefir ekkert verið rætt eða ritað enn þá, og um tillögur sínar í þá átt, hefir Landsspítalanefndin ennþá að líkindum ekkert ákveðið, meðan fjársöfnunin heldur áfram, og hin endanlega upphæð er óviss. En ef konur út um landið gera sér enga grein fyrir til hvers þær vilji láta nota það fé, sem þær safna í þessu skyni, þá gæti vel farið svo, að því yrði varið á einhvern óákveðinn hátt til byggingarinnar, og þá mundi þátttaka kvenna í þessu máli bráðlega gleymast algerlega, og enginn minnast hennar að einni eða tveimur öldum liðnum, hvað þá síðar.

Fyrir þetta átti að girða með ákvörðuninni um að fyrstu fundargerðirnar um þetta mál, yrðu geymdar í Landsskjalasafninu eða »Ríkisskjalasafninu«, sem ýmsir vilja líklega

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

nú kalla það, enda eiga þær þar algerlega heima. Er því mjög undarlegt, að fundargerð þessi er ekki enn þá afhent safninu, og er vonandi að formaður Landsspítalanefndarinnar dragi það ekki lengur.

Í sambandi við þetta Landsspítalamál og samskot, vildi eg einnig beina þeirri tillögu til Landsspítalanefndarinnar, hvort ekki mundi einmitt nú réttur tími til að senda út *nýja samskotalista*, en stíla þá til *karlmannanna, sem nú stæðu fyrir söfnuninni, undir yfirumsjón Landsspítalanefndarinnar*. Það er alkunnugt, að nokkur misskilningur átti sér stað með þá samskota-áskorun, sem send var út 1915, að margar konur álitu hana aðallega sér viðkomandi, og þess vegna munu þær ekki hafa leitað jafnmikið eftir hlutföku karlmannanna í þessum samskotum. Eg hefi fullkomna ástæðu, bygða á orðum ýmsra karlmannanna sjálfra, til að ætla að nú séu margir af þeim fúsir til að taka sinn þátt í slíkri fjársöfnun til spítalans, og vér vitum að það eru karlmennirnir, sem hafa öll *fjárráðin*, og að fjarmagnið í landinu er nú orðið það mikið, að þeir mundu geta tekið þar þung Grettistök.

Eg játa það, að það hafa verið mjög skiftar skoðanir um, hvort við hefðum ekki getað fundið eitthvert viðfangsefni, sem hefði verið okkur minna ofurefli en þetta mál, og að eg var sjálf í fyrstu, og er enn þá þeirrar skoðunar, að margt annað nauðsynjamál hefði mátt finna, sem við hefðum valdið betur, sem hefði getað orðið síðar ævarandi minnisvarði um þessa viðburði, ekki síður en þetta mál. En það eitt er víst, að við afréðum að láta þetta vera fyrsta málið á stefnuskrá vorri, og því er oss skylt að vinna að því á þann hátt, sem líklegastur er, til að bera ríkasta ávexti. Og beinasta veginn til þess hygg eg vera, að Landsspítalanefndin snúi sér nú beint til þeirra, sem alla hafa peningana, og skori á karlmennina að koma nú í samvinnuna með okkur að þessu landsnauðsynjamáli, með því að senda *þeim* nýja samskotalista. *Þeir listar* koma ekki auðir aftur til Landsspítalanefndarinnar.

B. B.

Kringsjá.

Hið nýja hlutverk þýzkra kvenna.

Eftirfarandi skýrsla er rituð af hinni frægu, þýzku, gömlu kvenréttinda- og jafnaðarkonu Minnu Cauer, til sænska kvennatímaritsins „Hertha“ um kosningarnar til sambandsþjóðþingsins þýzka. Og með því að við hér heima höfum svo lítið frétt utan úr heiminum, af innanlands stjórnarfari, og viðburðum þeim, sem konur hafa tekið þátt í, þá væntum vér að lesendum Kvennablaðsins muni þykja fróðlegt að fá þýdda kafla um það frá ýmsum löndum, eftir sjálfum konunum, sem tekið hafa þátt í öllum þessum viðburðum.

Kæru vinir!

Gjarna tek eg á móti beiðni ykkar að tala um hvernig kvenréttindamálið er komið í Þýzkalandi. Um það væri margt og mikið að segja, því margt er orðið breytt hér. En menn yrðu að hafa fylgst með því, sem við höfum starfað, og komist út úr, þolað og borið, síðan í ágúst 1914. Aldrei geta þeir skilið þetta, sem ekki hafa sjálfir lifað það. Aldrei getur nokkur sagnfræðingur, hversu frægur eða rýninn, sem hann kann að verða, dæmt um þessi ár, eins og þau hafa verið, og einkum um það hvað þýzkar konur þjáðust og þoldu, — þoldu og þjáðust, störfuðu og þögðu.

Þeim hefir verið ákaflega ámælt fyrir þessa þögn. En þó var það einmitt þunginn af þjáningum þeirra, sem skapaði þessa þögn. Síðari tímum verður geymt að tala, skilja og skrifa um alt þetta.

Nú viljið þér vita hvernig kosningarnar til þjóðþingsins fóru fram, og hvaða þátt þýzkar konur tóku í þeim, og hvað þær ætla sér framvegis að gera.

Til þess að skýra ásigkomulagið fyrir yður verð eg fyrst að tala nokkuð um hvernig fyrra ástandið var. Þýzkaland á eitt af stærstu jafnaðarmannafélögum heimsins, en því hefir stríðið einnig sundrað. Flokkurinn er ekki framar jafn samhentur. Konurnar eru jafn réttháar í jafnaðarmannafélögunum og karlmennirnir, síðan Erfurtar-stefnuskráin var samþykt 1891. Þessi flokkur hefir á sinni stefnuskrá almennan kosningarrétt karla sem

kvenna, og nú leggur hann hyrningarsteinana undir sjálft þýzka ríkið: Hinn almenna, leynilega, persónulega kosningarrétt, hinn frjálsasta kosningarrétt sem unt er að veita. Konurnar í jafnaðarmannafélögunum hafa barist við hlið karlmannanna fyrir réttindum verkamannanna, og þess vegna eru þær ordnar svo vel æfðar fyrir opinbera og pólitiska starfsemi.

Öðruvísi er því farið með konur hinna flokkanna. Jafnvel frjálslyndu flokkarnir hafa verið fremur mótfallnir réttindum verkamanna og kvenna, afturhaldsflokkurinn hefir verið þvert á móti kosningarrétti kvenna, og centrum, eða kaþólski flokkurinn, vildi bíða og sjá hvað setti. Meiri hluti af æðri borgaralegu konum Þýzkalands, létu sig mest varða listir og bókmentir, konur meðal-stéttanna gáfu sig mest að húshaldi, og öllu því er snerti heimilin, og verkakonurnar höfðu aðallega áhuga fyrir atvinnu sinni, og pólitiska félagslífinu. Kvenréttindahreyfingin í Þýzkalandi hefir náð mörgum réttindum gegn um sín stóru og útbreiddu atvinnufélög af öllum stéttum, t. d.: félög kenslukvenna, hjúkrunarkvenna, búðarstúlkna, skrifstofustúlkna, kvenlegra embættis- eða starfsmanna í opinberri þjónustu, kvenstúdenta og háskólakvenna, sem geta með ánægju litið á félagsskapinn sem óslitna framfarabraut til að bæta launakjör sín. En þar á móti hefir áhuginn fyrir pólitiskum kosningarrétti kvenna verið mjög lítill í borgaralegu stéttunum. Við eigum þó kvenréttindafélag stofnað 1902, en við gátum ekki fyr en 1908 tekið nokkurn þátt í pólitisku félagslífi, en altaf voru þó borgaralegu konurnar mjög afskiftalausar í baráttunni um þessi pólitisku réttindi þeirra.

Svo kom stríðið! Og eftir því sem það stóð lengur, komst alger breyting á alt líf kvenna. — Konurnar urðu nú stoðir og stólpar þjóðfélagsstarfanna heima fyrir, bæði með því að ganga inn í starfsvið karlmannanna og með hjalparstarfsemi sinni. Hvíldarlaust hafa þýzkar konur í þessi 4 erfiðu ár uppfylt sínar þungu skyldur. Rólega og þegjandi hafa þær þolað hina bitrustu hungursneyð, sem ennþá stendur yfir, vegna enska hafnbannsins, þrátt fyrir það að stríðinu er hætt.

Svo kom 9. nóvember 1918. Stjórnarbyltingin brauzt út, lýðstjórnarfyrirkomulagið var auglýst og sett á laggirnar, gamla fyrirkomulagið hrundi til grunna. Þýzkaland og þýzka þjóðin eru nú önnum kafin við að byggja sér nýtt hús. Og í þessari nýju byggingu geta nú konurnar tekið sinn fulla þátt, því þær fengu mjög dýrmæta og mikilsverða gjöf, hnoss, sem vel verður að verndast og vaktast: — fullan, óskertan kosningarétt og kjörgengi, bæði pólitízkan og í öllum sveita, bæja og kirkjumálum.

Þann 19. janúar samankallaðist þýzka þjóðin til kosninga til þjóðþingsins, eftir reglum almenns leynilegs kosningaréttar fyrir alla tuttugu ára karla og konur. Á þenna hátt urðu 21 miljón kvenna kosningabærar og 18 miljónir karlmanna. Konurnar urðu þannig í meirihluta. Kosninga undirbúningurinn var rekinn af öllum flokkum með brennandi áhuga og ákafa, og í honum tóku konurnar jafnt þátt og karlmennirnir, og þær gengu í hundruðum og þúsundum saman inn í pólitízku flokkana. Dag eftir dag var unnið af kappi, og kvöld eftir kvöld voru fundasalirnir troðfullir. Jafnvel í minni borgunum og þorpunum vaknaði pólitiski áhuginn.

Kosningaúrslitin urðu síðast þau sem menn höfðu hér um bil getað búist við. Jafnaðarlýðveldisflokkurinn, núverandi stjórnarflokkurinn naði hæstri atkvæðatölu, en þó ekki hreinum meirihluta. Næst honum kom hinn nýmyndaði borgaralagi vinstriflokkur — þýzki lýðveldisflokkurinn. —

Nýja stjórnin verður þannig jafnaðar- og lýðveldis borgaraleg stjórn. Þjóðþingið, sem kemur saman í Weimar, sitja 421 þingmenn eða fulltrúar, þar af 36 konur. Af þessum konum eru 18 úr jafnaðarmannaflokknum. Hinar skiftast á alla hina flokkana, sem eru 5.

Þjóðþingsins hlutverk er að leggja grundvöllinn að hinu nýja þýzka ríki, að setja því fasta ríkistjórnarskrá — eða sambandslög. — Frumvarpið er þegar tilbúið.

Á þingkonunum hvílir nú skyldan, að taka þátt í hinu vandasama og ábyrgðarmikla verki, að samþykkja stjórnarskrána. Þær eru

fámennur hópur, sem skiftist í marga flokka, svo þær geta ekki ráðið úrslitunum, en þó verða þær að sýna sig verðar og vaxnar hinu volduga ætlunarverki, sem heimtað verður af þjóðþinginu, fyrir velferð og framfarir Þýskalands.

Þann 26. janúar fóru líka aðrar kosningar fram í Prússlandi, sem er stærsta ríkið í Þýskalandi. Og þar voru líka konur settar á listana, sem þingmannaefni, en úrslitin eru enn ókunn:

Í næstu vikum hér eftir fara einnig fram kosningar til bæjarstjórnanna og sveitastjórna. Einnig þar hafa konurnar sömu skyldur og réttindi til að velja sína fulltrúa í borgarstjórnirnar. Hér verða einnig að vera valdar færar konur, og þær ættu að vera margar vel undirbúnar til þess, vegna hinnar miklu þjóðfélagsvinnu þeirra á hinum síðustu árum, t. d. í fátækrastjórn og umsjón og verndun barna, meðferð ungbarna, skóla- og heilbrigðismálum, bústaðamálum, framhaldsskólamálum og sériðnaskólum. Mjög nauðsynlegt væri að fá nokkrar konur með sérnámsþekkingu í ýmsu þessu inn í bæjarstjórnirnar, svo sem útlærðar barnfóstrur og umsjónarkonur verk smiðja og skóla. — —

Í þjóðþinginu útheimtist fyrst af öllu þekking í innri og ytri pólitík og hæfileikar til að hafa yfirlit yfir samhengi þessara mála innbyrðis. Til þess útheimtast pólitízkt æfðar konur, og einnig pólitízkt æfðir karlmenn. Eitt annað hlutverk liggur líka fyrir konunum: Þær verða að koma með eitthvað frá sjálfum sér. Þær mega ekki einungis fylgja öðrum, og halda við gamla fyrirkomulaginu, eða styrkja það. Þær verða að hafa þrek og hugrekki til að finna nýjar leiðir, og verja þær vasklega. — —

Þýzkaland.

Eftir frú *Marin Stritt.*

Kjördagurinn til grundvallarlaga þýzku þjóðarsamkundunnar, mun verða frægur í sögu Þýzkalands, sem ógleymanlegur og minningarríkur dagur um aldir og ævi, sem sá dagur er þýzkar konur í fyrsta sinni gengu að kosningaborðinu, til þess að taka sinn þátt í að bæta úr og ráða örlögum þjóðar sinnar. Vér getum ekki gert ráð fyrir að allir kvenkjósendurnir, sem þyrptust að kosningarstöðunum og stóðu þar í stórþröngum allan daginn út á strætum, frá því snemma morguns, væru sér fullkomlega meðvitandi um mikilvægi tímans og þýðingu. En þó var auðséður sá svipur á andlitum kvenna, ungra og gamalla, sem bar merki um nýja sjálfsvirðingu og ábyrgðartilfinninuu, um nýtt sjálfstraust, og siðprúða ríkisborgaralega stolttilfinningu. „Ég hefi líka verið kölluð í dag til að taka minn hlut á mig. Ég get líka talað og lagt mitt álit fram, þegar ráða skal fram úr um velferð eða ógæfu föðurlands míns!" Og ný svipbrigði voru auðséð á andlitum margra virðingarverðra karlmanna kjósenda, sem þrengdu sér að atkvæðakössunum, við hliðina á konum sínum eða fullvöxnum dætrum. Svipbrigði af félagslegri virðingu og samábyrgð, slíkri, er þeir áður höfðu aðeins fundið til og sýnt gagnvart þeirra kyni.

Aldrei gleymast þeim áhrifin af þessum degi, sem eins og ég hafa unnið að pólitisku jafnrétti kvenna og karla, og þó aldrei haft nokkra von um að lifa það, að sjá þessar vonir og óskir vorar uppfyllast.

Hinn einstæði, alvöruþrungni, hátíðlegi sunnudagsbragur, truflaðist ekki af minningunum um hina heitu nýafstöðnu kosninga undirbúningsbaráttu, æðislegu kosningaræður, leiðinlegu kosningamiða, óteljandi flugrit og kosningalista, sem fyrirfarandi daga þöktu stræti borganna, ásamt geypistórum götuauglýsingum, hvar sem farið var.

Þessi mikli dagur 19. janúar, sýndi hina miklu, veraldarvíðu breytingu á kjörum þýzkra kvenna. Sjálfrátt og ósjálfrátt fundum við þetta allar. Sem stendur er hluttaka kvenkjósanda ekki alveg ábyggilega viss, en sagt er að um 80—90% af öllum kjósendum hafi kosið, að konum þar með töldum, sem sýnir mjög mikla hluttöku. Og samanborið við

Áskorun til íslenzkra kvenna.

Síðastliðið vor beindum vér þeirri málaleitun til kvenna víðsvegar um land að þær vildu vinna að því að *19. júní yrði framvegis hátíðlegur haldinn, sem minningardagur réttarbóta vorra og fjársöfnunardagur til eflingar Landsspítalasjóði Íslands.*

Vér sendum áskorunina út í því trausti að kvenfélög eða einstakar konur, er velviljaðar væru sjóðnum, vildu taka málið í sínar hendur. Sem svar við áskoruninni hárust síðar til vor, úr nokkrum héruðum, upphæðir, er inn voru komnar fyrir hátíðahöld 19. júní. Kunnum vér þeim konum, er þegar brugðust svo vel við, hinar beztu þakkir. Þær hafa með framtakssemi sinni sýnt, að kleift er að gera hið sama víðar.

Vér viljum því á ný skora á allar góðar konur um land alt, að gangast fyrir því hver í sinni sveit eða héraði, að kvenréttindadagurinn 19. júní, verði hátíðlegur haldinn og að samfara hátíðahöldunum fari fram fjársöfnun til Landsspítalasjóðsins. Því hann ber oss að skoða sem minningarvott um 19. júní 1915. Sá dagur er og verður örlagadagur íslenzkra kvenna. Oss ber því að minnast þess dags árlega og vinna að því að hann festi rætur í hugum komandi kynslóða, er taka eiga nð erfðum réttindi þau, er hann flutti oss og hagnýta þau sem best, þjóðfélaginu og sjálfum sér til heilla.

Um leið og vér latum þá ósk vora í ljósi að allar þær konur, er áður hafa unnið fyrir Landsspítalasjóðinn, láti einnig nú hjálp sína í té, væntum vér þess fastlega að þær konur, er enn hafa látið málið afskiftalaust gangi uú einnig í lið með oss. Og til kvenfélaga þeirra er starfandi eru viljum vér sérstaklega beina þessari áskorun vorri. Margar hendur vinna létt verk.

Hér í Reykjavík hefir Landsspítalasjóðsnefndin í hyggju að gera alt það er í hennar valdi stendur til þess að 19. júní næstkomandi verði hátíðlegur haldinn, og um leið safnað fé í Landsspítalasjóðinn. Höfum vér fengið leyfi stjórnarvaldanna til þess að halda *hlutaveltu, bazar* og *lotteri* þann dag, til eflingar sjóðnum. Til þess að hlutavelta og bazar geti orðið sjóðnum sem arðvænlegust, verðum vér og að njóta styrks yðar og velvildar. Vér leyfum oss því að leita aðstoðar yðar í því að safna gjöfum, er svo þurfa að vera komnar í vorar hendur snemma í júnímánuði.

Farsóttin mikla í vetur færði mönnum heim sanninn um það að ekkert skortir bæ vorn og landið alt, svo tilfinnanlega sem fullkomið, rúmgott sjúkrahús. Sú þörf eykst með með degi hverjum, jafnvel þótt enginn sérstakur voði sé fyrir höndum. Þess vegna — konur góðar — ber oss skyldur til að halda því starfi voru, er þegar er farsællega hafið, áfram með dugnaði og atorku, svo Landsspítalasjóðurinn verði þýðingarmikill liður til úrslita þess, hve fljótt Landsspítali verður reistur á Íslandi.

Í öruggri von um aðstoð yðar og ötult fylgi — fullvissar þess að *vér séum allar* einhuga fylgjandi þessu máli, treystandi því að vinsældir þær, er það hefir hvervetna unnið, geri starfið í þágu þess ljúft og létt, sendum vér þetta bréf vort til allra landsins kvenna.

Reykjavík í marzm. 1919.

Með kærri kveðju.

Í stjórn Landsspítalasjóðs Íslands.

Ingibjörg H. Bjarnason, formaður. *Þórunn Jónassen,* gjaldkeri. *Inga L. Lárusdóttir,* ritari.

Laufey Vilhjálmsdóttir. Guðrún Guðmundsdóttir.

Sigurbjörg Þorláksdóttir. Elín Jónatansdóttir. Jónína Jónatansdóttir

Önnur blöð eru vinsamlega beðin að birta áskorun þessa.

hina miklu hærri tölu kvenkjósenda en karlmanna, má telja víst að þær hafi einnig verið fleiri, sem kusu, en karlmennirnir.

Í hluttökunni í kosningar-undirbúningnum, og hinni kappsömu starfsemi innan flokkanna, í aðsókninni og troðningnum við kosningarnar, sýndu konur ánægjulega og augljóst í öllu, hinn vaknandi pólitiska áhuga og skilning sinn á sínum pólitisku réttindum — — Af 421 meðlimum sem á þjóðþinginu eru, urðu 36 konur kosnar. Þar af eru 18 meirihluta jafnaðarmenn, 3 sjálfstæðir jafnaðarmenn, 5 af þýzka þjóðstjórnarflokknum, 6 af kaþólska flokknum (Centrum), 3 af þýzka alþýðuflokknum.

Hin stóru kvenfélög byrjuðu þenna undirbúning með almennri pólitiskri fræðslu. Og allir pólitisku flokkarnir, hverri stjórnarstefnu sem þeir fylgdu, gerðu alt, sem í þeirra valdi stóð til að draga konurnar inn í sína flokka í eigin hagsmuna skyni, og við að fræða þær og leiða. Þetta hefir altaf verið venja við fjölmennar karlmanna kosningar, og mun verða venja, meðan til eru pólitiskir leiðarar og liðsmenn, og þeir sem láta leiðast. Svo án þess að verða of bjartsýnn má þó segja að þýzkar konur hafi komist vel í gegnum fyrstu eldraunina, og hafi látið til skammar verða allar spár um hið gagnstæða.

Friðarfundur kvenna í París.

Kvennréttindafélagskonur Bandamannaþjóðanna héldu stóran friðarfund í París í síðastliðnum febrúar. Var það Kvenréttindafélag franskra kvenna „l'Union Francaise pour le Suffrage des Femmes" sem hafði frumkvæðið að þessum fundi, og bauð að halda hann samtímis og Bandalagsófriðarþjóðirnar héldu þar sinn friðarfund. Á þessum friðarfundi kvenna mættu kjörnir fulltrúar fyrir hvert af þessum löndum; Frakkland, Ítalíu, Belgíu, Bandaríkin í Ameríku, Stóra Bretland og Nýja Sjáland í Astralíu. Skyldi þar ræddar og teknar ákvarðanir um hvernig konur gætu best trygt, að hagsmuna kvenna yfirleitt yrði gætt á friðarfundi karlmannanna og hvernig þær fengju haft áhrif beinlínis, með kjörnum fulltrúum á sjálfan friðarfund bandalagsþjóðanna og með því að hafa fasta nefnd kvenna, sem þeir ráðfærðu sig við, og ynnu saman með. Fundurinn hófst 10. febrúar í Lyceum klubbnum í París og stóð til 16. s. m.

Fyrsta fundarefnið var að samþykkja áskorun, sem sama kvöldið skyldi flutt Wilson, forseta Bandaríkjanna, og hafði forseti fundarins Mme. Witt Schlumberger fengið loforð Wilsons að taka á móti kvennanefnd frá fundinum í þessu skyni.

Eftir tillögum ýmsra amerísku fulltrúanna á friðarfundi ófriðarþjóðanna var ákveðið að kosin væri föst kvennanefnd af þessum þjóðum, sem reyndi að hafa áhrif á að friðarskilmálarnir yrðu í samræmi við hugsjónir Wilsons. Urðu deilur um hversu skyldu kjósa þá nefnd, og var síðast ákveðið að hún skyldi kosin af öllum fulltrúum kvenna þar á fundinum.

Síðan var samþykt áskorun til Wilson, sem fór fram á að sendiherra friðarþingið kysi opinberlega kvennanefnd, sem kvenréttindafulltrúarnir frá bandalagsambandsþjóðunum, er á friðarfundi kvenna sátu, tækju gilda, og stjórnir þeirra ríkja samþyktu, til að vinna saman með Sendiherrafriðarþinginu, útvega því skýrslur um atvinnu, löggjöf og ástand kvenna og barna í öllum löndum, er Alþjóðakvenréttindasambandið næði yfir, einkum þar sem konur hafa enn þá ekki fengið pólitísk réttindi, og gæta hagsmuna þeirra á friðarfundinum í öllum þeim ákvörðunum sem þar yrðu teknar fyrir framtíð allra þjóða.

Wilson veitti nefndinni áheyrn, og talaði við hana hálfa klukkustund. Eftir að hafa kynt sjer óskir kvenna og tillögur, lagði hann til, sem heppilega tilraun, til framkvæmda í þessa átt, að kosin væri á sendiherrafriðarþinginu sérstök þjóðfélagsleg nefnd meðal þeirra sjálfra, sem hefðu sérstaklega að fjalla um þau mál, sem snerta hagsmuni kvenna. T. d. ríkisborgararétt giftra kvenna, og önnur þau mál, sem hefðu alþjóðlega þýðingu, svo sem „hvíta mansalið" o. fl. Þessi

Sími 298 Lítill ágóði! Fljót skil! Sími 298

Komið og skoðið nýju vörurnar í verzl. EDINBORG

Besta og fjölbreyttasta úrval bæjarins.

Glervörudeildin.

Floor-polish (gólfáburður). — Mubluáburður. — Brasso. — Vim-Fægiduft. — Sunlight-sápa. — Sápuspænir. — Pears handsápa og fl. teg. — ÞVOTTASTELL. — Skrautpottar. — Blómsturvasar. — Rósaskálar. — Kökuföt. — Sykurkör. — Kaffistell. — Matarstell. — Bollapör, fl. teg. — Diskar. — Sósuskálar. — Kartöfluföt. — Steikarföt. — Tepottar. — Pottar. — Katlar. — Kaffikönnur. — Hnífapör. — Mat- og Teskeiðar. — Kökuform. — Gólfskrúbbur og Kústar — Gler-þvottabretti. — Speglar. — Vatnsglös. — Mjólkurkönnur. — Myndarammar — o. m. m. fl.

Vefnaðarvörudeildin.

Kápuklæði. — Peysufataklæði. — Ullarflauel, fl. teg. — Tvistur, stórt úrval. — Flúnnel, hvítt og mislitt. — Svartur Lastingur. — Shertingur, sv. og misl. — Vergarn. — Stubbasirts. — Stór rúmteppi — og m. m. fl.

Pantið í síma 298. **Vörur sendar heim.**

Bestu kaupin í

verzluninni EDINBORG,

Hafnarstræti 18.